



Alþingi
Erindi nr. P 139/1435
komudagur 22.2.2011

Skrifstofa Alþingis
Við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2011
Tilvísun: 2011020011/00.03

Efni: Frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, þskj. 508 - 382 mál.

Þjóðminjasafni Íslands hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, þskj. 508 - 382 mál með skeyti dags. 17. febrúar sl. með ósk um umsögn fyrir 23. febrúar nk.

Í umsjón og eigu íslenska ríkisins eru merkir minjastaðir, sem fjöldi ferðamanna sækir ár hvert. Í umræddu frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er vísað til náttúrustaða og þjóðgarða og uppbyggingar þar. Þjóðminjasafn Íslands bendir á mikilvægi þess að í frumvarpinu verði að auki vísað til sögulega merkra minjastaða landsins. Mikilvægt er að í framtíðarskipulagi ferðaþjónustu verði litið til menningarsögulegra minjastaða sem og náttúruminjastaða, enda mörkin þar á milli stundum óljós. Samhengi náttúru- og menningarminja ferðamannastaða er víða mikilvægt, og nægir þar að nefna gildi þjóðgarðsins á Þingvöllum sem hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá 2004 sem einstakt menningarlandslag í alþjóðlegu samhengi.

Á Íslandi er fjöldi þjóðminjastaða, sem margir eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Má þar nefna minjastaði sem tilheyra hinu markverða *Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands*, sem veitir innsýn í húsakost þjóðarinnar á seinni öldum og þróun húsa á Íslandi. Meðal húsa Þjóðminjasafnsins eru allir stærstu og merkustu torfbæir landsins og allar þær torfkirkjur sem eru í upprunalegri gerð. Húsin er flest hluti af merku menningarlandslagi þar sem umhverfi og minjar fara saman sem ein heild (sjá nánar: www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/). Torfhúsin eru á yfirlitsskrá Íslands vegna heimsminjaskrár UNESCO (sjá nánar: www.heimsminjar.is). Á þessum minjastöðum eru víða helstu söfn landsins starfrækt með tilheyrandi ferðaþjónustu.

Þjóðminjasafn Íslands telur mikilvægt að hluta fjármagnsins sem verður í framkvæmdasjóði ferðamannastaða verði varið til að viðhalda þeim þjóðminjastöðum á landinu, sem víða eru meðal fjölsóttustu ferðamannastaða viðkomandi sveitarfélaga. Mikilvægt er að bæta viðhald, merkingar og aðgengi að mörgum þeirra til þess að þeir þjóni sem best hlutverki sínu sem mikilvægir ferðamannastaðir á Íslandi.

Mikilvægt er að í 1. gr. frumvarpsins verði fjallað um þjóðminjastaði á borð við þá sem hér eru tilgreindir og tilgreint að samráð verði við þjóðminjavörslustofnanir landsins, sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Að öðru leyti er vísað til umsagnar Fornleifaverndar ríkisins og tekið undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Með vinsemd og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður